

Nd. 662. Frumvarp til laga [252. mál]

um breyting á lögum nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit, sbr. lög nr. 2 11. febr. 1970 og lög nr. 66 30. apríl 1973, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 3. umr. í Ed., 6. maí.)

1. gr.

2. mgr. 61. gr. orðist svo:

Sömu refsingu skal sá sæta, sem selur eða afhendir, kaupir eða veitir viðtöku vörum, enda viti hann eða megi vita, að þær séu ólöglega innfluttar.

2. gr.

2. mgr. 71. gr. orðist svo:

Sektir samkvæmt lögum þessum mega nema allt að kr. 4 000 000.

3. gr.

2. mgr. 76. gr. orðist svo:

Þó er tollyfirvöldum heimilt að ákveða sekt fyrir ólöglegan innflutning, ef brot er skýlaust sannað og ætla má, að brot varði ekki hærri sekt en kr. 80 000, enda játist sökunautur undir þá ákvörðun og greiði sektina þegar í stað. Við slíka sektarákvörðun skal greina í bókun, skýrt og stutt, brot það, sem um er að tefla, refsí-ákvæði, sem það varðar við, og ítrekunarverkun á síðari brot, ef því er að skipta. Nú hefur skýlaust sannað brot einnig upptöku eignar í för með sér, og getur toll-yfirvald undir því skilorði, er nú var sagt, ákveðið eignaupptöku, enda fari verðmæti eigi fram úr kr. 150 000.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.